

1	Samsetning/Auðkenni vöru
----------	---------------------------------

Söluheiti efnis	LUBRIZOL (R) 8046A
Heimilisfang íslensks seljanda	<i>N1 hf Dalvegur 10-14 201 Kópavogur Sími : 440 1000</i>
CAS Númer	Á ekki við um efnablöndur.
Samheiti	Engin.
Öryggisblað skrifað/Dags. Endurskoðunar	04 október 2002. Íslensk þýðing 3.febrúar 2003.
Almennt efnafræðilegt heiti	Efnablanda.
Tegund framleiðsluvöru	Bætiefni í eldsneyti.
Neyðarsímanúmer	560 3333
Nr. öryggisblað	11662761-1302220-1192210-811103

2	Samsetning/upplýsingar um innihald
----------	---

Hættuleg innihaldsefni

Efni	Prósenta (þyngdar)	Varnaðarmerki	Hættusetningar	EINECS Nr.
Alkýl nítrat	Frá 50 upp í 59.9 prósent	N Xn	H20 H51/53 H65	248-363-6
Fítusýra af furuolíu	Frá 10 upp í 19.9 prósent	Ekkert.	H53	263-107-3
Alkýl alkóhól	Frá 10 upp í 19.9 prósent	Xi	H36/38 H52/53	203-234-3
Lífrænt síloxan	Frá 0.1 upp í 0.9 prósent	N	H51/53	Pólýmer
Jarðolíu nafta	Frá 0.1 upp í 0.9 prósent	Xi N	H36/38 H10 H51/53	265-198-5
Harpeis sýrur	Frá 0.1 upp í 0.9 prósent	Xi	H38 H43	277-299-1

3	Varúðarupplýsingar
----------	---------------------------

Varnaðarmerki



Flokkun á vöru

H20 – Hættulegt við innöndun.
H51/53 – Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

4	Skyndihjálp
----------	--------------------

Við inntöku

KOMIÐ EKKI AF STAÐ UPPKÖSTUM. Ef með meðvitund, gefið 2 glös af vatni. Útsog efnis vegna uppkasta getur valdið efnafræðilegri lungnabólgu sem getur verið bannvæn. Komið strax undir læknishendur.

Snerting við augu

Skolið augu strax með vatni í a.m.k. 15 mínútur. Komið strax undir læknishendur.

Snerting við húð

Þvoið með sápu og vatni. Farið strax úr menguðum fötum. Náið í lækni ef erting heldur áfram. Þvoið föt áður en þau eru notuð aftur og hendið skóm og öðru leðri sem er mettað af efninu.

Við innöndun

Komið mönnum undir bert loft ef neikvæð áhrif sjást. Ef andardráttur er erfiður gefið súrefni. Ef öndun hefur stöðvast notið öndunarvél. Ef erting heldur áfram eða ef eituráhrif koma fram komið strax undir læknishendur.

Aðrar upplýsingar

Athugasemdir til læknis: Meðhöndlið samkvæmt sjúkdómseinkennum.

5	Aðferðir við að slökkva eld.
----------	-------------------------------------

Blossamark

84 ° C, 183.2 ° F

Slökkviefni

CO₂, þurrefni eða froða. Hægt er að nota vatn til þess að kæla og vernda efni í hættu.

Aðferðir við slökkvistarf

Mælt er með því að notað sé ferskloftstæki. Meðhöndlið eins og olíueld. Vatn getur valdið skvettum. Efnið flýtur á vatni.

Sérstök eld- og sprengihætta

Eiturgufur, lofttegundir og gufa geta orðið til við bruna. Efnið í gufufasa getur verið þyngra en loft og getur dreifst eftir gólfum og leiðslum að fjarlægum eldgjafa og valdið íkveikju fjarri upprunastað. Ílát geta sprungið við hitun. Eitruð köfnunarefnisoxíð geta myndast við bruna. Alkýl nítrat í vörunni getur brotnað niður á útverminn hátt, ef efnið er hitað yfir 120° C. Rannsóknir skv. Koenen Tube Test sýna, að hvarfið veldur ekki sprengingu jafnvel þegar alkýl nítrat er til staðar í allt að 70% hlutfalli.

Viðbrögð við efnaleka Látið alla ónauðsynlega starfsmenn yfirgefa svæðið. Notið allan hlífðarbúnað. Fjarlægið hugsanlega eldgjafa. Loftræstið svæðið þar sem lekinn er. Komið í veg fyrir að efnið renni út í frárennsliskerfið eða út í ár og vötn. Hreinsið upp vökvann og sendið í endurvinnslu eða spilliefnamóttöku. Athugið að afgangsvökvi getur hafa sest utan á, eða komist inn í önnur efni á svæðinu, t.d. leður. Viðkomandi eftirlitsaðila skal tafarlaust tilkynnt um viðbrögð og ráðstafanir til að afstýra hættu skv. reglugerð nr. 806/1999.

Mesti hiti við dælingu Ekki ákvarðaður.

Mesti hiti við meðhöndlun Ekki ákvarðaður.

Leiðbeiningar um meðhöndlun efnisins Haldið efni í fjarlægð frá hugsanlegum eldgjöfum. Opnið ílát á vel loftræstu svæði. Reynið að komast hjá því að anda að ykkur gufu frá efninu. Hafið ílát lokað þegar efnið er ekki í notkun. Hellið efninu ekki í niðurföll eða sleppið út í náttúruna. Skilið afgangum af efninu til spilliefnamóttöku. Notið viðeigandi ílát til þess að komast hjá umhverfismengun. **HITID EKKI.** Þvoið ykkur vandlega eftir að hafa meðhöndlað efnið. Í tómunum ílátum eru afgangar af efninu. Skerið ekki tóm ílát, logsjóðið, borið í eða malið niður. Haldið tómunum ílátum í fjarlægð frá hita, opnum eldi, neistum eða öðrum eldgjöfum.

Mesti hiti við geymslu Ekki ákvarðaður.

Leiðbeiningar um geymslu efnisins Ekki geyma efnið nálægt hugsanlegum eldgjöfum. Geymið í vel loftræstu rými. Setjið lekavörn á geymslutanka svo sem skynjara sem sýnir þegar geymirinn fyllist eða útbúið þró undir tank. Geymið tunnur á svæði með lekavörn. Geymslusvæðið á að vera með þaki og þannig hannað að regnvatn komist ekki inn á svæðið. Geymið við venjulegan stofuhita.

Mesti hiti við hleðslu Ekki ákvarðaður.

Mengunarálag**Belgía**

Á ekki við.

Evrópusambandið

Á ekki við.

Írland

Á ekki við.

Bretland

Á ekki við.

**Önnur
mengunarmörk**

Inniheldur steinolú. Við aðstæður þar sem mistur getur skapast hafið í huga að OSHA PEL er 5mg í rúmmetra af lofti, og ACGIH STEL er 10 mg í rúmmetra af lofti.

**Verklag við
loftræstingu**

Notið staðbundna loftræstingu til þess að koma í veg fyrir uppsöfnun gufu eða úða í innlofti. Enn frekari loftræsting getur verið nauðsynleg til þess að halda magni efnisins í loftinu fyrir neðan viðmiðunarmörk.

Vörn fyrir hendur

Gúmmíhanskar.

Vörn fyrir augu

Hlífðarglæraugu eða andlitshlíf.

Vörn við öndun

Notið algrímu með síu fyrir blöndu af lífrænum lofttegundum og notið afkastamikla (high efficiency) síu ef styrkur efnisins er yfir mengunarmörkum. Notið ferskloftstæki til þess að komast inn í lokuð rými eða inn á önnur illa loftræst svæði, eða til þess að hreinsa upp umfangsmikinn leka.

Klæðaburður

Mælt er með skyrtu með löngum ermum. Notið annað hvort hlífðarbúning eða svuntu þegar hætta er á snertingu við efnið. Notið neópren eða nítríl gúmmístígvél þegar nauðsynlegt er, til þess að koma í veg fyrir mengun á skóm.

Blossamark	84 ° C, 183.2 ° F
Efra blossamark	Ekki ákvarðað.
Neðra blossamark	Ekki ákvarðað.
Hætta á sjálfteyningu	Ekki ákvörðuð.
Upplýsingar um sprengihættu	Efnið er ekki sprengifimt.
Gufuþrýstingur	Ekki ákvarðaður.
Sýrustig	Ekki ákvarðað.
Eðlismassi	0.92 (15.6 °C)
Leysanleiki í vatni	Óleysanlegt.
Hlutfall gufa	Óþekkt.
Hlutfall rokgyrnra lífrænna efna	Ekki ákvarðað.
Eðlisþyngd gufu	Ekki ákvörðuð.
Uppgufunarhraði	Ekki ákvarðaður.
Lykt	Mild
Útlit	Gulbrúnn vökvi
Seigja	90 Centistoke (-20 °C) 9 Centistoke (40 ° C)
Lyktarþröskuldur	Óþekktur.
Suðumark	Ekki ákvarðað.
Streymishitastig	< -40 ° C, -40 ° F
Frostmark	Ekki ákvarðað.

Ofangreindar upplýsingar eru dæmigerð gildi og eru ekki nákvæm lýsing.

Stöðugleiki	Efnið getur orðið óstöðugt við hækkað hitastig og hærri þrýsting.
Hitastig niðurbrots	Ekki ákvarðað.
Efni sem skal varast að komist í snertingu við efnið	Sterkir alkalívökvar. Afoxandi efni. Sterkir oxarar.
Fjölliðun	Á sér ekki stað
Varmaniðurbrot	Reykur, kolmónoxíð, koltvíoxíð, aldehyð og önnur efnasambönd sem myndast við ófullkominn bruna. Við bruna myndast oxíð af eftirfarandi efnum: köfnunarefni

-- BRÁDAMENGUNARÁLAG--

Erting við augu	Lítill eða miðlungs erting í augum. Uppfyllir ekki evrópska H36 staðla. Byggt á prófunum á einstaka efnasamböndum eða svipuðum efnablöndum.
Erting við húð	Getur valdið ertingu við húð og er sú niðurstaða byggð á prófunum á einstaka efnasamböndum eða svipuðum efnablöndum. Ekki talið uppfylla evrópska H38 staðla. Löng eða endurtekin snerting við efni eins og t.d. í fötum sem eru blaut af efninu getur valdið húðbólgu. Einkenni eru roði, bjúgur, þurrkur í húð, sprungur og exem.
Erting í öndunarferum	Ef efnið myndar mistur eða ef gufur myndast vegna hita, getur innöndun efnisins haft í för með sér ertingu í slímhúð og efri hluta öndunarfæra. Þessi niðurstaða er byggð á prófunum á einstaka efnasamböndum eða svipuðum efnablöndum. Ef fitusýrurnar eru yfirhitaðar, geta gufur og mistur frá þeim einnig valdið ertingu í öndunarferum.
Eituráhrif gegnum húð	LD50 í kanínum er > 2000 mg/kg. Þessi tala er byggð á prófunum á einstaka efnasamböndum eða svipuðum efnablöndum. Löng eða endurtekin snerting við efnið getur valdið upptöku efnisins í gegnum húð sem getur valdið skaða. Of mikil snerting húðar við lífræn nítatsambönd getur valdið höfuðverk, ógleði og lækkuðum blóðþrýstingi.
Eituráhrif við innöndun	Áætlaður skammtur LC 50 er byggður á ófullkomnum upplýsingum um einstaka efnasambönd. Úði af þessu efni er talinn skaðlegur. Þessi niðurstaða er byggð á upplýsingum um einstaka efnasambönd eða svipaðar efnablöndur. Hár styrkur efnisins í lofti og innöndun þess getur valdið höfuðverk, svima, ógleði, breytingum á hegðun, máttleysi, svefnhöfgi og deyfð. Of mikil innöndun á lífrænum nítatsamböndum getur valdið höfuðverk, ógleði og lækkuðum blóðþrýstingi.
Eituráhrif við inntöku	LD50 í rottum er > 5000 mg/kg. Þessi niðurstaða er byggð á upplýsingum um einstaka efnasambönd eða svipaðar efnablöndur. Neysla efnisins getur valdið minnkun á magni CNS serótóníns í heila sem aftur getur orsakað CNS þunglyndi.
Ofnæmi við húð	Engar upplýsingar eru til sem benda til þess að efnið geti framkallað ofnæmisviðbrögð í húð.
Ofnæmi við innöndun	Engar upplýsingar eru til sem benda til þess að efnablöndan eða efnasambönd hennar framkalli ofnæmi í öndunarferum.

-- LANGTÍMAMENGUNARÁLAG--

Langtíma eituráhrif	14 daga rannsókn á eituráhrifum í gegnum húð á 2-etylhexanóli í rottum leiddi í ljós áhrif á blóð, minni miltisþyngd og minna magn tríglyseríða í líkamanum. Endurtekin neysla á 2-etylhexanóli getur valdið lifrar- og nýrnaskemmdum.
Krabbameinsvaldar	Þessi efnablanda er gerð úr steinolíum sem eru taldar mjög vel hreinsaðar og eru þær ekki taldar krabbameinsvaldandi samkvæmt IARC (WHO) Allar olíur í þessari efnablöndu innihalda minna en 3% af efnum sem hægt er að ná út með IP 346 prófi.
Stökkbreytanleiki	Engar upplýsingar liggja fyrir sem benda til þess að efnablandan eða einstök efnasambönd hennar sem eru til staðar í meira magni en 0.1% valdi stökkbreytingum eða hafi erfðaeituráhrif.
Eituráhrif á æxlun	Engar upplýsingar liggja fyrir sem benda til þess að efnablandan eða einstök efnasambönd hennar sem eru til staðar í meira magni en 0.1% valdi eituráhrifum á æxlun og æxlunarfæri.
Eituráhrif sem valda vansköpun	Engar sannanir um skaðleg áhrif fundust í rannsókn á 2-etylhexanóli í rottum. Skammtar allt að 3 ml/kg sem voru bornir á húðina á viðkvæmasta tíma meðgöngu hjá rotum sýndu eituráhrif hjá mæðrum en hins vegar komu ekki fram nein eituráhrif á fósturum. Í eldri rannsókn komu fram fæðingargallar vegna inntöku efnisins en það er ólíklegt að menn taki inn efnið við venjulegar vinnuaðstæður.
Annað	Engin önnur áhrif á heilsu eru þekkt.

12	Hættur gagnvart umhverfinu
----	----------------------------

-- EITURÁHRIF Á UMHVERFI--

Eituráhrif gagnvart ferskvatnsfiskum	Bráða LC50 er 100 - 1000 mg/L byggt á einstaka efnasamböndum.
Eituráhrif gagnvart lindýrum í ferskvatni	Bráða EC50 er 1 - 10 mg/L byggt á einstaka efnasamböndum. .
Eituráhrif gagnvart þörungum	Ekki ákvörðuð.
Eituráhrif gagnvart sjávarfiskum	Ekki ákvörðuð.
Eituráhrif gagnvart sjávarlindýrum	Ekki ákvörðuð.
Eituráhrif gagnvart örverum	Bráða EC50 er 10 - 100 mg/L byggt á einstaka efnasamböndum.
Allskyns eituráhrif	Ekki ákvörðuð.

-- HEGÐUN Í UMHVERFINU--

Lífrænt niðurbrot	A.m.k. 25% af efnasamböndunum í þessari vöru brotna takmarkað niður miðað við prófunargögn OECD 301.
Uppsöfnun í lífríki	25% eða fleir af efnasamböndunum geta safnast upp í lífríkinu og er það bytt á mælingu á oktanól/vatn deilistuðlum.
Hreyfanleiki í jarðvegi	Ekki ákvarðaður
WGK	WGK = 2 miðað við Water Hazardous Directive, VwVwS, dagsett 17 maí, 1999.

13	Förgun
-----------	---------------

Förgun vörunnar Ef þessu efni er fargað skal flokka það sem spilliefni í samræmi við evrópska löggjöf.

14	Flutningur
-----------	-------------------

ICAO/IATA	Engar skráðar reglur.
IMDG (Stofuhiti)	Fljótandi efni sem er hættulegt umhverfinu, n.o.s. (Alkýl (C7-C9) nitröt), Class 9, UN3082, PG III, Mengandi efni í sjó.
IMDG (Hærra hitastig)	FLYTJIÐ EKKI- FREKARI UPPLÝSINGAR ERU NAUÐSYNLEGAR
IMDG EMS	ER EKKI TIL
IMDG MFAG	ER EKKI TIL
IMO Marine Bulk	FLYTJIÐ EKKI SJÓLEIÐIS – FREKARI UPPLÝSINGAR ERU NAUÐSYNLEGAR
USCG Samrýmanleiki	Ekki ákvarðaður.
ADR/RID (Ambient)	UN3082 Fljótandi efni sem er hættulegt umhverfinu, n.o.s. (Alkýl (C7-C9) nitröt), Class 9, PG III, ADR, Mengandi efni í vatni.
ADR/RID (Elevated)	FLYTJIÐ EKKI – FREKARI UPPLÝSINGAR ERU NAUÐSYNLEGAR.
ADR/RID Hazard ID No.	90

15

Upplýsingar um lög, reglugerðir eða reglur sem varða notkun efnisins eða vörutegundarinnar.

Varnaðarmerking skv.
Reglugerð nr. 236/1990



Merki um hættu

Ertandi
Hættulegt umhverfinu

Aðrar merkingar

Inniheldur (harpeis sýru). Getur framkallað ofnæmisviðbrögð.

Hættu- og varnaðarsetningar

H20 – Hættulegt við innöndun.
H51/53 – Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.
V61 – Forðist losun út í umhverfið. Athugið sérstakar ráðleggingar/öryggisleiðbeiningar.

Íslensk lög, reglugerðir og reglur er snerta efnablönduna eða einstaka efni hennar

Reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.

Reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum.

Reglur nr. 154/1999 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum.

Lög nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni.

Tilskipun nr. 91/155/EEB og tilskipun nr. 93/112/EEB.

EEC EINECS

Öll innihaldsefni uppfylla skilyrði EU sjöundu breytingar á lögum (Amendment) og eru í samræmi við tilskipun 92/32/EEC.

Danskt skráningarnúmer

Ekki skráð.

Fínskt skráningarnúmer

Ekki skráð.

Sænskt skráningarnúmer

Ekki skráð.

Norskt skráningarnúmer

Ekki skráð.

16

Aðrar upplýsingar

HMIS Codes

Heilsufar	Eldur	Hvarfgirni
3 *	2	1

Viðeigandi
hættusetningar

H10 – Eldfimt.

H20 – Hættulegt við innöndun.

H36/38 – Ertir augu og húð.

H38 – Ertir húð.

H43 – Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð.

H51/53 – Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

H52/53 – Skaðlegt vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

H53 – Getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

H65 – Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku.

**Endurskoðun á
efnavísunum**

Hluti	Breytt
2 EEC HÆTTULEG INNIHALDSEFNI	04 október 2002
12 EITURÁHRIF Á ÞÖRUNGA	04 október 2002
12 WGK	21 maí 2002

Upplýsingunum sem hér koma fram hefur verið safnað saman samkvæmt viðurkenndum heimildum og samkvæmt bestu vitund fyrirtækisins The Lubrizol Corporation; Hins vegar þá ábyrgist Lubrizol Corporation ekki upplýsingarnar hvað varðar hversu vel upplýsingarnar nýtast í einstaka tilvikum eða hvað varðar nákvæmni þeirra eða hvað varðar það til hvers þessar upplýsingar kunna að leiða. Fyrirtækið The Lubrizol Corporation tekur heldur ekki á sig neina ábyrgð eða sök vegna hugsanlegs heilsutjóns þess sem fær efnið í hendur eða þriðja aðila eða vegna einhverra skemmda á eignum. Viðtakandi efnisins ber alla ábyrgð á slíkri áhættu.

Íslensk þýðing er unnin fyrir ESSO á Íslandi í febrúar 2003.